

KJARVAL

47% afsláttur
Kjúklingur
399 kr. kg.
Móa kjúklingur ferskur

26% afsláttur
395 kr. kg.
Goða súpukjöt litill poki

25% afsláttur
1.079 kr. kg.
SS New Yorker Ungnautahakk

Betri tilboð - Betri verð

25% afsláttur
486 kr. kg.
SS kindabjúgu

30% afsláttur
1.119 kr. kg.
Móa kjúklingastrimlar fulleldaðir

25% afsláttur
Wanted vörur

30% afsláttur
979 kr. kg.
Goða brauðskinka

2 FYRIR 1
Myllu Orkubrauð

30% afsláttur
99 kr. stk.
Ananas

199 kr. pk.
Jarðaber í boxi

399 kr. pk.
BKI Kaffi Classic

149 kr. pk.
Papco eldhús-rúllur 3 stk.

25% afsláttur
1.199 kr. pk.
Ariel þvottaefni 2,85 kg

6 FYRIR 4
AB mjólk 0,5 ltr

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

VÍS VÁTRYGGINGARFÉLAG ÍSLANDS

ÁSLAUG EINARSDÓTTIR

Þjónustustjóri VÍS, verður á skrifstofu Skaftárhrepps Kirkjubæjar-klaustri miðvikudaginn

24. janúar frá kl 13-15:30

Sími Áslaugar er 867-9750


Á einhver

í fórum sínum eftirtalin blöð og vildi láta þau:

Útsaumsblöð, Kvinnablöð, Húsfreyjan

Nánari uppl. í síma 867-9750

Áslaug



Frá Asakórnum

Nú eru æfingar að hefjast og verða í Tunguseli á mánudagskvöldum kl. 21:00

Nýir félagar velkomnir

Hlökkum til að sjá ykkur

Stjórnin.

Sveitarstjórn

Mýrdalshrepps er boðuð til fundar fimmtudaginn **25. janúar 2006 kl. 16:00** á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Dagskrá fundarins má finna á auglýsingatöflu í anddyri skrifstofunnar og á vef Mýrdalshrepps www.vik.is

Sveitarstjóri

SMÁAUGLÝSINGAR

4. TBL. 11. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 24. JANÚAR 2007



Til launagreiðanda....

Verkalýðsfélag Suðurlands minnir launagreiðendur á, að samkvæmt kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands, sem VÍF.S er aðili að, eru gjöld í starfsmenntasjóð 0,15% af heildarlaunum starfsmanna frá 1. janúar 2007. Alls verður því mótframlag launagreiðanda 2,4%

Frá sama tíma hækkar framlag Sveitarfélaga í starfsmenntasjóð úr 0,40% í 0,72%



Ert þú með góða hugmynd

... en vantar stuðning við að hrinda henni í framkvæmd?

Impra nýsköpunarmiðstöð og Framleiðnisjóður landbúnaðarins í samvinnu við **Búnaðarsamband Suðurlands og Atvinnuþróunarfélag Suðurlands** boða til funda um atvinnusköpun í sveitum.

Fundirnir eru liður í að hrinda af stað nýju verkefni sem nefnist **Vaxtarsprotar**. Verkefnið miðar að því að auðvelda fóki að hefja eða efla atvinnustarfsemi í sveitum.

Tímasetning:

Þriðjudagur 30. janúar 2007. Félagsheimilið Þingborg, kl. 20:30.
Fimmtudagur 1. febrúar 2007, Veitingaskálinn Hlíðarendi Hvolsvelli, kl. 20:30.

Dagskrá beggja fundanna:

1. **Elín Aradóttir**, verkefnisstjóri hjá Impra nýsköpunarmiðstöð, kynnir verkefnið Vaxtarsprotar.
2. **Jóhannes Kristjánsson**, ferðapjónustubóndi á Höfðabrekku í Mýrdal, segir frá reynslu sinni og gefur góð ráð. Kaffiveitingar.
3. **Andri Snær Magnason** rithöfundur flytur erindi undir titlinum Hugmyndir um hin nýju hlunnindi sveitanna.
4. **Umræður**.
5. **Skráning** til þátttöku í verkefnið Vaxtarsprotar.

Fundarstjóri verður **Sveinn Sigurmundsson** framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands.

Ef þú ert búsett/ur í sveit og langar til að hefja eigin atvinnurekstur, eða að auka við núverandi starfsemi, þá er þetta fundur fyrir þig!

Frekari upplýsingar veitir **Elín Aradóttir**, verkefnisstjóri, í síma 460 7970 eða í gegnum tölvupóst (elina@iti.is).

Þorradægur!

Þorradægur þykja löng þá er Góan einnig ströng. Einmánuður oft þó fer að ýmsu svipað, því er ver.

Harpan litla er hljóðari hún á vinda mildari. Þó hefur stundum þrifið til, þess að rigna allmikið.

Skerpla þegar skundar inn skrúðgrænn, verður völlurinn. Byr nú allt í betri hag, bjartar nætur og langan dag.

Til heyanna við höldum nú og höfum á því góða trú. Að sumarið verði blítt og bjart best er að nýta þetta allt.

Gormánuður geysist inn grimm eru nú örlögin. Þá fellur allt sem falla skal, til foldar blóm, og skepnurnar.

Ýlir hann á ótal hljóð oft hefur kvalið þessa þjóð. Hún barðist hart og berst hér enn. Við berum sigur, hraustir menn.

Desember þó dimmur sé dregur hann ljósið fast að sér. Þá birtir svo í býlum manns borið er lof til frelsarans.

Bergdís L. Jóhannsdóttir

Góð heilsa er gulli betri!

Vilt þú ná betri árangri, breyta um lífsstíl eða einfaldlega fá holla og góða næringu?

Ég er að fara að taka saman pöntun á fæðubótarefnum frá margverðlaunuðum og viðurkenndum framleiðendum EAS og BSN.

Gott verð, heimsendingarþjónusta í Vík og auðvitað ráðgjöf fyrir þá sem vilja.

Victor Berg

S. 821-3181

victorb@simnet.is

Mörsugur á miðjum vetri markar spor í gljúfrasetri Þorri hristir fannafeldinn fnæsir í bæ og drepur eldinn Góa á til grimmd og blíðu gengur í eljapisi síðu Einmánuður andar nepju öslar snjó og hendir krepju Harpa vekur von og kæti vingjarnleg og kvik á fæti Skerpla lífsins vöggu vaggar vitjar hreldra sorgir þaggar Sólmánuður ljóssins ljóma leggur til og fuglahljóma Heyannir og hundadagar hlynna að gæðum fróns og lagar Tvímánuður allann arðinn ýtum færir heim í garðinn Gormánuður grellið tetur gengur í hlað og leiðir vetur Haustmánuður hreggi grætur hljóða daga langar nætur Ýlir ber en byrgist sólin brosa stjörnur koma jólin



Tilkynning frá lögreglunni á Hvolsvelli

Lögreglan á Hvolsvelli auglýsir sameiginlegan þjónustusíma fyrir Rangárvalla- og V-Skaftafellsýslur, sem er **488 4110**. Ef um neyðaraðstoð er að ræða hafið samband við **112**.

Lögreglustjóri mun hafa viðtalstíma á lögreglustöðvunum í Vík og á Kirkjubæjarklaustri einu sinni í mánuði.

Þann 5. febrúar n.k. kl. 10:00 - 11:00 á lögreglustöðinni í Vík og frá kl. 13:00 - 14:00, sama dag á lögreglustöðinni á Kirkjubæjarklaustri.

Lögreglan Hvolsvelli

Þorrablót

Kvenfélag Hvammshrepps heldur sitt árlega Þorrablót í Leikskálum laugard. 27. jan. n.k. kl. 12.00.



Allir Mýrdælingar 67 ára og eldri ásamt mökum og kvenfélagskonur og fjölskyldur þeirra eru boðin velkomin.

Mætum öll og eigum saman notalega stund á Þorra.

Nefndin

Skeiðflatarkirkja í Mýrdal

Guðsþjónusta verður í Skeiðflatarkirkju í Mýrdal,
sunnudaginn 28. janúar nk. kl. 14:00.

Kirkjukórar Skeiðflatar-
og Víkurkirkna syngja undir stjórn Önnu Björnsdóttur.
Organisti er Kristín Björnsdóttir.

*Kirkjukórar Skeiðflatar- og Víkurkirkna hafa ákveðið að syngja saman við athafnir í vetur og styrkja þannig sönglífið í kirkjunum.
Hvet alla Mýrdælinga til að fjölmenna í fyrstu guðsþjónustuna á nýju ári þar sem samvinna og styrkur sóknanna í Mýrdal er leiðarljósið.*

Fermingarbörn og foreldrar þeirra sérstaklega hvött til að mæta.

Sóknarprestur

Kirkjuskólinn í Mýrdal.

Minni á að samverur kirkjuskólans eru alla laugardaga frá kl. 11:15 - 12:00, í grunnskólanum í Vík.

Sóknarprestur

Íslenskan er lifandi mál, ekki satt? ;-)
Það er ekki hundur í hettunni (... það er ekki hundrað í hättunni...)
Þetta er ekki upp í kött á nesi (...ekki upp í nös á ketti)
Mér er nú ekkert að landbúnaði...
Allt fór afsíðis sem gat farið afsíðis...
Þessi peysa er mjög lauslát...
Þau eiga þvflíka myllu, lifa eins og greifingjar og leika á alls egg...
Hann sló tvær flugur í sama höfuðið...
Þarna hefði ég sko viljað vera dauð fluga á vegg...


Ég sá svo sætan strák að ég fór alveg fram hjá mér...
Ég var svo þreyttur að ég henti mér undir rúm...
Hann sat bara eftir með súrt eplið...
Ég hreinlega vissi ekki í hvorn fótinn ég átti að setjast...
Þar stóð hundurinn í kúnni... -(Þar lá hundurinn grafinn... Þar stóð hnífurinn í kúnni.)
Maður fer í bæinn til að sjá sig og sýna aðra...
Hún nagaði sig í handakrikann
Flísarnar eru miklu varanlegri en allt annað...
Fallu á mann tvær grímur...

Þorablót Ketilsstöðum.

Verður haldið laugardaginn 3. febrúar.



Þáttaka tilkynnist í síma. **4871333 - 8940218 - 4871312**
fyrir sunnudag 28. janúar.



*Miðar óskast sóttir í
Ketilsstaðaskóla fimmtudag 1.
febrúar kl. 20-21.*



Nefndin.

Laus störf hjá Skaftárhreppi:

Laust er til umsóknar starf umsjónarmanns Sorporkustöðvar á Kirkjubæjarklaustri frá 15. mars n.k.

Nánari upplýsingar um starfið veita Hilmar Gunnarsson í síma **8974641** og Jóna Sigurbjartsdóttir í síma **8935940**

Einnig er auglýst eftir starfsmanni í upplýsingaþjónustu sveitarfélagsins, um sumarstaf er að ræða frá 1. júní til 1. sept.

Upplýsingar um starfið veitir Jóna Sigurbjartsdóttir í síma **8935940**



ÞORRINN

Þorrinn er fjórði mánuður vetrar, veturinn er hálfnaður. Hann hefst í þrettánda viku vetrar með bóndadegi. Sagan segir að á bóndadegi hafi húsbóndinn átt að bjóða þorra velkominn eða fagna þorra með því að fara fyrstur á fætur allra manna þennan dag. Síðan átti bóndinn að fara út í skyrtunni einni saman, vera bæði berlæraður og berfættur, en fara í aðra brókarskálmina og láta hina svo lafa eða draga hana á eftir sér á öðrum fæti. Hoppa svo í kringum allan bæinn og bjóða þorra velkominn.

Áður fyrr var lífsbáttan á Íslandi miklu harðari en hún er í dag. Húsin voru köld og matur af skornum skammti. Þorrinn gat reynst mönnum erfiður sérstaklega ef hey voru lítil því þá var hætt á að fóður dygði ekki fyrir dýrin út veturinn en skepnurnar voru undirstaðan fyrir öllu lífi fólksins.

Kristján Jónsson (1842–1869) orti hið þekktu kvæði Þorraþrællinn 1866. Næstum allir Íslendingar kunna ljóðið Nú er frost á Fróni og hafa oft sungið það. Kristján samdi líka stökuna sem margir þekja og hefst á Yfir kaldan eyðisand.

Áður en ísskápurinn kom til sögunnar urðu forfeður okkar að geyma mat á annan hátt en í kæli.

Nú á dögum köllum við mat sem verkaður er með gömlum matvinnsluaðferðum þorramat því við neytum hans einkum á þorranum. Þá eru haldin þorablót jafnt í bæjum sem sveitum.

Það eru samt ekki nema um 50 ár síðan að við hófum þorramatinn til vegs og virðingar á ný.

Þorramaturinn hefur verið súrsaður, reyktur, kæstur eða þurrkaður.

Hér eru nokkur dæmi um vinsælan þorramat.

Hákarl

Hákarlinn er fyrst kasaður eða kæstur. Þegar matur er kæstur þá er hann látinn gerjast og byrja að rotna. Með þessu fæst fram sterkt bragð sem sumt fólk er sólgíð í. Skatan sem margir borða á Þorláksmessu er kæst og henni fylgir sterk lykt. Nú á tímum er hákarlinum staflað í plastkór þar sem hann gerjast. Hákarlinn er síðan hengdur upp í hjall og látið lofta um hann. Margir eru smeykir við að bragða á hákarli því af honum er sterk og að sumra mati vond lykt. Flestum finnst hákarl í fyrstu vera mjög vondur en eftir nokkra bita bragðast hann sem sælgæti. Þetta er einkennilegt.

Reyndar er til fólk sem fellir sig aldrei við hákarlinn, finnst hann hreinlega ógeðslegur.

Svið

Flestir hafa prófað að borða svið. Hausar kindanna eru sviðnir þ.e. allt hár er brennt af þeim. Þeir eru síðan þvegnir og soðnir. Sviðasultan er gerð á þann hátt að soðið kjötið er skafið af beinunum, sett í form og pressað. Hlaup er sett í formið og síðan er þetta látið kólna.

Hrútspungar

Hrútspungar eru í raun rangnefni því í dag snæða menn einungis eistun. Í gamla daga voru þau hins vegar geymd í pungunum sem höfðu verið rakaðir, sviðnir eða skafnir. Oft var einhverju feitmeti troðið ofan í punginn því eistun eru fitusnauð. Síðan var saumað fyrir og pungarnir soðnir, sett á þá farg, súrsaðir og skornir í sneiðar. Mynstrið er hringlaga og voru þeir oft kallaðir gleraugnapylsur.

Bringukollar

Bringur kindanna eru nú til dags hlutaðar í tvennt, soðnar og settar í mysu.